

[Umsögn frá Rarik ]

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar.

Á vegum RARIK samstæðunnar hefur RARIK Orkuþróun ehf. fjallað um þá virkjunarkosti sem til umfjöllunar hafa verið við vinnu við rammaáætlun 2 um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Umsögn og athugasemdir sem sendar eru frá SAMORKU eru hugsaðar sem sameiginleg sjónarmið frá orkufyrirtækjunum og verða ekki endurteknar hér. Hvort markmið Rammaáætlunar um að skapa forsendur fyrir sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og háhitasvæði næst eða ekki skal ekki lagt mat á hér. Eigi að síður er gerð heiðarleg tilraun af hálfu verkefnisstjórnar um Rammaáætlun 2 ásamt faghópum á hennar vegum til þess að komast að niðurstöðu í þessum umdeilda málaflokki. Öll mannanna verk eru umdeild og svo er einnig um aðferðir og vinnulag faghópanna að þessu sinni.

Starfsmenn og fulltrúar RARIK hefðu þannig viljað sjá meira samráð haft um þá virkjunarkosti sem til umfjöllunar voru af þeirra hálfu í faghópunum, meira samræmi hefði átt að vera í vinnubrögðum og matsferlum faghópanna ásamt einkunnargjöf þeirra, rekjanleiki ákvarðana hefði átt að vera ótvíræður osfrv. Á óskiljanlegan hátt hefur beiting AHP-röðunar áhrif á ýmsa vatnsaflskosti eins og t.d. Hólmsárvirkjun við Atley til hins verra gagnvart náttúru og menningarminum. Í heild virðist jarðvarmavirkjunum gert hærra undir höfði en vatnsaflsvirkjunum bæði gagnvart umhverfisáhrifum og hagkvæmni. Allt of lítið er gert úr áhrifum mengunar frá jarðvarmavirkjunum í formi H<sub>2</sub>S (brennisteinsvetni), CO og CO<sub>2</sub> eins og nýlegt slys í Hellisheiðarvirkjun sýnir því hér er um varasamar gufutegundir og efni að ræða.

Virkjunarkostir á vegum RARIK sem gerðar eru athugasemdir við:

Skatastaðavirkjun C: Af þeim virkjunarkostum sem voru til umfjöllunar á vegum RARIK eru gerðar lang mestar athugasemdir við mat á Skatastaðavirkjun C (7) sem lögð var fram sameiginlega af Landsvirkjun og Héraðsvötnum ehf. (sem RARIK á 50% í á móti heimamönnum í Skagafirði). Meðfylgjandi eru athugasemdir sem unnar voru sameiginlega af Landsvirkjun og Héraðsvötnum ehf. ásamt sérstakri greinargerð frá Verkfræðistofunni Verkís hf. um flæðilöndin við neðanverð Héraðsvötn í Skagafirði og hugsanleg áhrif af byggingu Skatastaðavirkjunar á þau. Með fylgja fylgiskjöl um melda vatnshæð í vhm 77 við Grundarstokk svo og flóðamynd frá desember 2006. Töluvert var fjallað um áhrif virkjunar við Villinganes við mat á umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar á árunum 2001-2002. Þar var niðurstaða Skipulagsstofnunar og síðar Umhverfisstofnunar í úrskurðum sínum að ekki sé

líklegt að fyrirhuguð Villinganesvirkjun mundi hafa áhrif á friðlýst svæði við Miklavatn og Austara Eylendið og lífríki þeirra. Enda þótt Skatastaðavirkjun C verði með meiri miðlun og hafi öðruvísi áhrif á vatnasviðið verður ekki séð að áhrifin verði mikil á friðlýstu svæðin við Miklavatn og Austara Eylendið eins og rakið er í greinargerð Verkíss. Einnig er það álit okkar að áhrif Skatastaðavirkjunar C á fiskveiði á vatnasviðinu sé stórlega ofmetin en annað gegnir um Villinganesvirkjun þar sem reist yrði 60 m há stífla í Héraðsvötnin í um 100 m hæð y.s. Skatastaðavirkjun C nýtir nær eingöngu vatnasvið Austari-Jökulsár og því eru áhrif vegna vatnafars, menningarminja ofl. þátta ofmetin. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi greinargerða og skjala. RARIK óskar eftir því að Skatastaðavirkjun C fái sanngjarnari meðhöndlun og mat og sérstaklega að faghópur I endurskoði ýmsa þætti hennar sem að ósekju eru taldir hafa meiri áhrif en eðlilegt getur talist.

Hólmsárvirkjun við Atley: Þessi kostur er með staðarnúmer 21 og einnig nefnd Hólmsárvirkjun neðri. Hann er lagður fram sameiginlega af Landsvirkjun og RARIK. Í þessum kosti er vatni ekki veitt á milli vatnasviða og Tungufljót verður því ekki fyrir áhrifum virkjunarinnar, vatn til Hólmsárfoss er ekki skert eins og fyrirhugað var í fyrri kostum (efri) og ekki er hreyft við Hólmsárlóni sem hefði örugglega valdið deilum vegna áhrifa á umhverfi þess. Vegna tengingar virkjunarinnar við landskerfið benda Landsvirkjun og RARIK á það að fyrirhuguð 132 kV loftlína frá virkjuninni yrði aldrei lögð meðfram Þjóðvegi 1 (hringvegi) yfir Eldhraunið eins og faghópur IV miðar við og faghópur II hefur tekið upp. Línan yrði örugglega lögð til norðurs eða norðausturs frá virkjuninni í átt að Byggðalínu. Óskað er eftir því að mat á tengingu virkjunarinnar við landskerfið verði endurskoðað með hliðsjón af þessu og áhrif virkjunarinnar á ferðaþjónustu og útivist endurmetin.

Um aðra virkjunarkosti RARIK er ýmislegt hægt að setja fram eins og það að æskilegt hefði verið að fá einkunn frá faghópi I á Villinganesvirkjun og virkjun í Ölfusdal við Hveragerði. Mat á jarðvarmavirkjun í Grændal við Hveragerði hefði mátt fylgja virkjunarkostum á Hellisheiði í mati á áhrif á náttúru og menningarminjar. Jarðvökvinn þar inniheldur t.d. ekki nálægt því eins mikið magn af H<sub>2</sub>S og vökvinn uppi á heiðinni og hefði Grændalsvirkjun mátt fá prik fyrir það.

Hér verður látið staðar numið í bili. Með vinsemd og virðingu.

Steinar Friðgeirsson  
Frkvstj. RARIK Orkuþróunar ehf.